

Bæjarstjórn - 44

FUNDARBOÐ

44. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 29. janúar 2026 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2601001F - Skipulagsnefnd - 38**
Lögð fram fundargerð 38. fundar skipulagsnefndar.
- 2. 2511011F - Ungmennaráð - 9**
Lögð fram fundargerð 9. fundar ungmennaráðs.
- 3. 2601002F - Bæjarráð - 40**
Lögð fram 40. fundargerð bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 4. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lagðar fram nýjustu fundargerðir Breiðafjarðarnefndar.
- 5. 2601016 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2025/2026 -**
Lögð fram tilkynning um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2025/2026.
- 6. 1912004 - Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs**
Lögð fram fundaáætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 7. 2601014 - Skýrsla um orkumál á rafkynntum svæðum á Vesturlandi**
Lögð fram skýrsla um orkumál á rafkynntum svæðum á Vesturlandi ásamt glærुकynningu.

Bæjarráð vísaði málinu, á 40. fundi sínum, til umfjöllunar hjá dreifbýliráði með sérstakri áherslu á tækifæri tengd Samkomuhúsinu Skildi.
- 8. 2508002 - Ósk Íslenska Gámafélagsins um landsvæði til afnota**
Lögð fram drög að afnotasamningi við Íslenska Gámafélagið ehf. um tímabundin afnot af landsvæði við Flugvallaveg 20. Málið hefur áður verið tekið til umfjöllunar og

afgreiðslu á fundum bæjarráðs, skipulagsnefndar og bæjarstjórnar þar sem samþykkt var að gerður yrði afnotasamningur við félagið.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, samninginn með áorðnum breytingum og vísaði honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2501002 - Undanþágulisti vegna verkfalla

Lagður fram undanþágulisti fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm vegna verkfalla.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, undanþágulistann og vísaði honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2512009 - Kársstaðir

Óskað er eftir að fá að byggja íbúðarhús í landi Kársstaða. Um er að ræða 103 m² íbúðarhús sem væri staðsett um 45 m frá núverandi íbúðarhúsnæði.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 38. fundi sínum, byggingu nýs íbúðarhús þar sem heimild er fyrir því í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2022, en heimilt er að byggja fjögur stök íbúðarhús á jörðinni.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, ákvörðun skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2601019 - Skipan í farsældarráð

Fyrir liggur að skipa þarf fulltrúa sveitarfélagsins í farsældarráð.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, Klaudiu Gunnarsdóttur, formann velferðar- og jafnréttismálanefndar, sem aðalman, og Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóra, sem varamann.

Afgreiðslu málsins var vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2601023 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, lántöku sveitarfélagsins, enda byggir hún á fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, og vísaði afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

13. 2502011 - Innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi

Lagðar fram uppfærðar innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi sem samþykktar voru á 18. fundi skóla- og fræðslunefndar.

Bæjarráð staðfesti, á 30. fundi sínum, afgreiðslu skóla- og fræðslunefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærðar innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi.

14. 1907014 - Heilsuefning 60

Lögð fram tillaga að endurnýjun samnings við þjálfara heilsuefningar 60 ára og eldri í

Stykkishólmi.

15. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

27.01.2026

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.